

Fundargerð YFNefndar BLÍ

Fundur haldin á skrifstofu BLÍ kl 16:00 og á skype miðvikudaginn 7.ágúst 2015

Mættir voru: Gunna Stína, Valgeir Hilmarsson, og á skype voru Friðrika og Sigga Þrúða

1. Mótamál leiktíðarinnar 2015-2016 og niðurröðun móta.

- 10-11 október: Landshlutamót fyrir 4-6 flokk. 3.fl. velkomin líka
 - Suður og Vesturland: **SKELLUR** Ísafirði (áður Afturelding)
 - Norður og Austurlandið: **KA**
- 7-8 nóv. Íslandsmót fyrir 2 og 4.flokk ; FYLKIR
- 21-22 nóv. Íslandsmót fyrir 3 og 5.flokk: ÞRÓTTUR NES
- 30-31.janúar 2016: Bikarmót fyrir 2 og 3 flokk: KA
- 2-3 apríl: Íslandsmót fyrir 3.flokk: ÞRÓTTUR REYKJAVÍK
- 16-17 apríl: Landshlutamót
 - Fyrir S og Vesturland fyrir 4-6 flokk: HK
 - Fyrir Norður og Austurland fyrir 4-6 fl : ÞRÓTTUR NES (er tilbúin að gefa þetta mót eftir ef Fáskrúðsfirðingar eða Seyðfirðingar hafa hug á að halda mótið)
- 30. apríl -1.mái: Íslandsmót fyrir 4., 5 og 6.flokk: AFTURELDING

2. Annars flokks mótin

Mikil umræða um mótin fyrir annan flokkinn. Það verður þétt spilað í úrvalsdeildum kk og kvk í vetur og því lítið um friar helgar. Margir af 2.fl.krökkunum spila einnig í úrvalsiðum sinna félaga en þeir sem ekki spila þar eða mjög lítið fá nánast engin verkefni. Tillaga kom um að ath það hjá félögunum hvort grundvöllur sé að taka leiki í 2.flokki samhliða meistaraflokksleikjum ef bæði félög erum með 2.flokk. Ákveðið var að velja þessu út á félögin og fá skoðun þeirra á þessari nálgun. Eina mótið sem 2.flokkurinn fær er þá bikarmótið. Nefndinni finnst það mjög bagalega að svo sé komið að krakkar í 2.flokki sem ekki hafa getu til að spila með meistaraflokkum sinna félaga fái engin verkefni og því sé deginum ljósara að þau muni detta út úr íþróttinni. Þetta er alvarlega staða sem bæði YFN BLÍ sem og mótanefnd og stjórn BLÍ þurfi að huga að.

3. Mótagjöldin

- **Íslandsmót:** Ákveðið var að halda mótagjöldum í 4-7 flokki óbreyttum, þ.e. 9000 á lið á Íslandsmótum en hækka mótagjaldið hjá 2 og 3.flokki upp í 15.000 kr. Félagið greiðir áfram 15% skatt til BLÍ og helminginn í verðlaunapeningum á móti BLÍ
- **Landshlutamót:** Ákveðið að mótagjaldið væri 6000 kr. Félagið sér um viðurkenningar og verðlaun á mótinu, ekkert greitt til BLÍ

4. Afreksbúðir BLÍ 22-23 ágúst

Búðirnar verða haldnar að Varmá í Mosfellsbæ. 92 þátttakendur eru skráðir en engir frá Stjórnunni og höfum við áhyggjur af því. Dagskrá búðanna verður þannig að á föstudagskvöldinu verður U19 landsliðsæfingar kl 18:00-20:00 og kl 19:00-21:30 verða yfirþjálfarar búðanna með kynningu fyrir þjálfara búðanna og alla þá sem ætla að þjálfar blak í yngri flokkum á Íslandi. Ákveðin stefna í blakkennlu kynnt þannig að allir séu að kenna eftir sömu línu. Hvetja þarf alla til að koma og aðstoða í búðunum, og fylgjast með því sem er gert þar til þess að læra sjálf.

Þjálfarar búðanna verða Landsliðsþjálfarar A landsliða karla og kvenna ásamt U19 og U17 þjálfurum. Þau nöfn sem eru komin eru: Emil Gunnarsson, Natlía Raava, Filip, Óli J auk Rogerio og Daniele. Sigga Þrúða sagði að spænsku þjálfararnir þeirra kæmu suður með krökkunum og myndu taka þátt í búðunum svo þau bætast við þessa þjálfara en þau munu líklega sjá um þjálfun á norður og austurlandi í afrekshópunum. Einnig á eftir að heyra í Hörpu Gríms ef hún verður með krakkana fyrir vestan. Rekstrarlega séð ættu búðirnar að standa undir sér en gert var ráð fyrir 90 -100 manns í búðirnar við útreikninga.

5. **Botlamál.**

Ennþá vantar okkur upplýsingar um hvar hægt sé að kaupa 200 boltana fyrir 5.flokkinn en þeir sem eru á Mikasa síðunni eru minni en venjulegir blakboltar. Það fer að vanta bolta hjá félögum og Sævar framkv. Stjóri Blí hefur tekið að sér að ath hjá Mikasa hvar hægt sé að panta þessa bolta. Ekkert segir þó að við verðum að nota Mikasa bolta og því allt í lagi að ath með samskonar bolta frá öðrum framleiðendum.

Fleira ekki rætt á fundinum og honum slitið kl 18:30

Fundargerð ritaði: Gunna Stína Einarsdóttir

PS.. Framhaldsfundur varð á netinu þar sem upp komu þær aðstæður að Harpa Grímsdóttir sendi bréf á formann YFN BLÍ ásamt á skrifstofu BLÍ því þau í Skelli höfðu ekki áttað sig á því að það hefði átt að sækja um yngri flokka mótin á sama skjali og fyrir eldri iðkendur, og óskaði hún eftir því að Skell yrði úthlutað eitt mót þrátt fyrir að fundurinn væri búin. Ákveðið var á netfundi nefndarinnar í kjölfarið að Aftuelding sem ætlaði að halda landshlutarmót fyrir 4-6 flokk helgina 10-11 október myndi gefa eftir það mót til Skells og var það samþykkt af öllum nefndarmönnum.

Guðrún K Einarsdóttir